

Borgarráð

Ábyrgð vegna lántöku Orkuveitu Reykjavíkur hjá Evrópska fjárfestingarbankanum (EIB)

Tillaga:

Lagt er til að borgarráð samþykki í umboði borgarstjórnar að veita einfalda og hlutfallslega ábyrgð vegna lántöku Orkuveitu Reykjavíkur hjá Evrópska fjárfestingarbankanum (EIB), sbr. beiðni þess efnis í hjálögðu erindi Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 10. júní 2016 til eigenda fyrirtækisins. Er um að ræða einfalda og hlutfallslega ábyrgð Reykjavíkurborgar sem er veitt samkvæmt heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í tilvitnuðu erindi kemur fram að á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur hinn 23. maí 2016 hafi verið samþykkt samhljóða svohljóðandi tillaga: *Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir lántöku hjá Evrópska fjárfestingarbankanum (EIB) að fjárhæð EUR 70 milljónir (c.a. 10 milljarðar) og jafnframt heimild forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála til að undirrita öll skjöl sem þessi lántaka nær yfir. Lántakan er í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun og er háð samþykki og ábyrgð eigenda OR.*

Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki í umboði borgarstjórnar að veita Birgi Birni Sigurjónssyni, kt. 200249-2169, fjármálastjóra Reykjavíkurborgar, fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta fyrir hönd Reykjavíkurborgar veitingu fyrrnefndrar ábyrgðar og til þess að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu ábyrgðar þessarar.

Greinargerð:

Erindi þetta var áður samþykkt í borgarráði á fundi 21. desember 2017 en er nú lagt fram að nýju til samþykktar vegna ábendingar sem barst frá LOGOS lögmannsþjónustu f.h. Evrópska fjárfestingarbankans til allra eigenda Orkuveitu Reykjavíkur um nauðsyn þess að fyrir liggja formleg staðfesting sveitarstjórnar á ábyrgð eigenda vegna lántökunnar.

Í 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 1. mgr. 77. gr. samþykktar nr. 715/2013 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, er fjallað um fjárfestingarvald sveitarstjórnar og kveðið á um að einvörðungu sveitarstjórn geti tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál borgarinnar. Samkvæmt 5. tölulið í báðum tilvitnuðum ákvæðum falla ábyrgðir sem veittar eru af hálfu borgarinnar undir slík málefni.

Samkvæmt 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 4. mgr. 8. gr. samþykktar nr. 715/2013 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, er byggðaráði heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarstjórnar eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina. Þar segir jafnframt að á meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi þá fari byggðaráð með sömu heimildir og

sveitarstjórn hafi ella.

Á fundi borgarstjórnar 19. júní 2018 var samþykkt að fella niður reglulega borgarstjórnarfundi í júlí og ágúst og borgarráði falið, með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. júní 2018, að fara með heimildir borgarstjórnar á þeim tíma. Því er ljóst að borgarráð fer nú með sömu heimildir og borgarstjórn í sumarleyfi borgarstjórnar, þ.e. fullnaðarákvörðunarvald um einstök málefni, án tillits til þess hvort ákvörðun lúti að málefni sem varðar verulega fjármál sveitarsjóðs eða stofnana hans.

Í fyrirbyggjandi lánssamningi Orkuveitu Reykjavíkur við Evrópska fjárfestingarbankann (EIB) er gert ráð fyrir að bankinn veiti fyrirtækinu allt að 70 milljóna evra lán fyrir tilteknum framkvæmdum sem nema að fjárhæð alls 143,7 milljónum evra, þó þannig að lánsfjárhæðin verði aldrei hærri en 50% af heildarkostnaði vegna framkvæmdanna. Um er að ræða framkvæmdir vegna virkjana og endurbóta á dreifikerfum fyrir heitt vatn og rafmagn. Með tillögunni fylgir umsögn fjármálastjóra Reykjavíkurborgar, dags. 19. desember 2017, þar sem farið er nánar yfir heimild eigenda Orkuveitu Reykjavíkur til að veita fyrirtækinu ábyrgð á láninu, lánskjör auk annarra atriða. Þá hefur Orkuveita Reykjavíkur leitað staðfestingar hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) á því hvort eigendum fyrirtækisins sé heimilt að veita ábyrgð vegna fyrirhugaðrar lántöku. Niðurstaða þeirrar athugunar er sú að ESA gerir ekki athugasemdir við að eigendur veiti Orkuveitu Reykjavíkur 100% eigendaábyrgð á láni hjá Evrópska fjárfestingarbankanum, enda væru önnur skilyrði leiðbeinandi reglna ESA um ríkisábyrgðir uppfyllt í málinu, þ. á m. fullt ábyrgðargjald greitt.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að borgarráð samþykki í umboði borgarstjórnar að veita Orkuveitu Reykjavíkur áður nefnda einfalda hlutfallslega ábyrgð, ásamt öðrum eigendum fyrirtækisins, vegna lántöku hjá Evrópska fjárfestingarbankanum með heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 10. júní 2016.

Fundargerð símafundar með Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) vegna eigendaábyrgðar á láni frá Evrópska fjárfestingarbankanum (EIB), dags. 14. desember 2017.

Umsögn fjármálastjóra Reykjavíkurborgar, dags. 19. desember 2017.

Reykjavík, 10. júní 2016

IS/es

Málsnr.: R16060082
Skjalasafn Ráðhúss

13. júní 2016

Bréfalykill: 5214-1

Til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

Efni: Ósk um samþykki fyrir lántöku frá EIB (evrópska fjárfestingabankanum).

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 23. maí sl. var m.a. bókað:

Lögð fram svohljóðandi tillaga um lán frá EIB bankanum. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir lántöku hjá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB) að fjárhæð EUR 70 milljónir (c.a. 10 milljarðar) og jafnframt heimild forstjóra eða framkvæmdarstjóra fjármála til að undirrita öll skjöl sem þessi lántaka nær yfir. Lántakan er í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun og er háð samþykki og ábyrgð eigenda OR.

Umræður.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Í samræmi við framangreint er nú óskað samþykkis eigenda vegna ábyrgðar þeirra á láninu.

Meðfylgjandi er greinargerð sú sem lögð var fyrir stjórn, ásamt minnisblaði framkvæmdastjóra fjármála um málið, dags. í dag. Er þess óskað að erindið verði tekið fyrir hjá eigendum sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,



Elín Smáradóttir, ritari stjórnar OR:

Hjálagt:

Tillaga og greinargerð, dags. 23.5.2016, sem lögð var fyrir stjórn OR.
Minnisblað framkvæmdastjóra fjármála OR, dags. 10. júní 2016.

Til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

SF 231
Reykjavík 23. maí 2016

Tillaga

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir lántöku hjá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB) að fjárhæð EUR 70 milljónum (c.a 10 milljarðar) og jafnframt heimild forstjóra eða framkvæmdarstjóra fjármála til að undirrita öll skjöl sem þessi lántaka nær yfir. Lántakan er í samræmi við samþykta fjárhagsáætlun og er háð samþykki og ábyrgð eigenda OR

Greinargerð

Samkvæmt fjárhagsáætlun var samþykkt að fara í fjármögnun vegna fjárfestinga dótturfélaga ásamt því að stefna að því að hafa veltufjárhlutfall nálægt einum sem er í samræmi við áhættustefnu OR og fjárhagsleg markmið sem samþykkt er af eigendum og stjórn OR. Taflan fyrir neðan sýnir fjármögnunaráætlun:

| Áætluð fjármögnun OR | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | Samtals |
|----------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|---------------|
| VNV | 6.000 | 3.650 | 6.500 | 7.000 | 23.150 |
| GVT | 0 | 6.000 | | 0 | 6.000 |
| Samtals | 6.000 | 9.650 | 6.500 | 7.000 | 29.150 |
| <i>Nú þegar fjármagnað</i> | <i>0</i> | <i>1.030</i> | | | <i>1.030</i> |
| Ófjármagnað | 6.000 | 8.620 | 6.500 | 7.000 | 28.120 |

Samkvæmt töflunni að ofan á eftir að fjármagna 14,62 milljarða til ársloka 2016 þegar einnig er tekið tillit fjármögnunaráætlunar ársins 2015.

Viðræður um lántöku hjá EIB hafa staðið yfir í um eitt og hálf ár og fékkst staðfesting frá bankanum um að bankinn hafi samþykkt lántöku fyrir allt að EUR 70 milljónum og hefur áður verið kynnt í stjórn OR.. Lánið yrði til 15 ára og einungis vaxtagreiðslur fyrstu 4 árin. Hægt verður að draga á lánið næstu 3 árin en mikilvægt að draga á hluta næstu 12 mánuði. Með því að fá 15 ára lán frá EIB þá er verið að lengja í meðallíftíma lánasafnsins er meira í takt við meðallíftíma eigna hjá OR en meðallíftími lána er komin niður fyrir 6 ár. Kjör á láninu liggja ekki fyrir en ljóst er að þau verða afar hagkvæm en rætt hefur verið um að vextir verði rúmlega 1% ef miðað er við vexti á evru. Hægt er að draga á lánið til allt að þriggja ára en í áætlun ársins 2016 er gert ráð fyrir að dregið sé á lánið fyrir 40 milljónir evra.

Til viðbótar við fjármögnun hjá EIB var gert ráð fyrir að gefa út skuldabréf og hefur stjórn samþykkt að gefa út skuldabréf að fjárhæð 4,5 milljarða, búið er að gefa út fyrir 1,03 milljarða og er stefnt að frekari reglulegri útgáfu næstu mánuði.

Einnig er verið að kanna ýmsa aðra möguleika, t.d. að endurfjármagna skuldabréf sem OR gaf út með sölu á hlut sínum í HS Orku og er í eigu Lífeyrissjóð Verslunarmanna. Það er á gjalddaga í desember 2016.

Virðingafyllst, Ingvar Stefánsson.


| | | | |
|---|--------------|-----------------------------|----------------|
| Tílefni fundar | | | Síða |
| Símafundur með Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) vegna eigendaábyrgðar á láni frá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB) | | | 1 (1) |
| Dags. fundar | Tími | Skjalalykill | Nr. fundar |
| 13. desember 2017 | 13:00-13:30 | | 1 |
| Fundarstjóri | Fundarritari | Svið / eining / málaflokkur | Dags. fundarg. |
| ES | ES | Fjármál/lögfræði | 14.12.2017 |
| Fundarmenn | | | |
| Frá OR: Elín Smáradóttir, Ásgeir Westergren og Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl. frá Lex. | | | |
| Frá fjármálaráðuneyti: Haraldur Steinþórsson. | | | |
| Frá ESA: Vaido Poldoja, Fiorenzo Bovenzi, Gjermund Mathisen og Ketill Einarsson | | | |

| Lýsing |
|---|
| <p>ESA hefur frá júnímánuði sl. haft til umfjöllunar erindi OR frá þar sem óskað var eftir afstöðu stofnunarinnar til ábyrgðar eigenda OR á láni fyrirtækisins frá EIB. Vaido Poldoja, sem hefur haft málið til umfjöllunar hjá stofnuninni óskaði með tölvupósti þann 11. desember sl eftir símafundi til að ræða málið. Sá fundur fór fram þann 13. desember 2017 kl. 13:00. Þar tilkynntu fulltrúar ESA að ekki væri gerð athugasemd við 100% ábyrgð eigenda á láni frá EIB, sem verið hefur til umfjöllunar undanfarin misseri, enda væru skilyrði um ríkisaðstoð uppfyllt og ábyrgðargjald greitt, eins og gert er í þessu tilviki. Einnig að ESA muni ekki gefa út neina formlega ákvörðun eða tilkynningu vegna þessa. Það mun fyrst og fremst vera vegna þess að fulltrúar ESA höfðu átt símafund beint við EIB og spurt hvort og þá hvað bankinn þyrfti til staðfestingar á því að stofnunin gerði ekki athugasemdir við lánið, en bankinn sagti að hann þyrfti ekkert meira en þær upplýsingar sem veittar voru á símafundinum um óformlega afstöðu stofnunarinnar.</p> |
| |
| |
| |
| |



Umsögn

Til: Borgarráðs
Frá: Fjármálastjóra
Efni: Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur hjá EIB



Orkuveita Reykjavíkur sendi borgarráði erindi, dags. 10. júní 2016, þar sem óskað var eftir að eigendur veiti staðfestingu á fullri ábyrgð vegna fyrirhugaðrar lántöku Orkuveitu Reykjavíkur (OR) hjá Evrópska fjárfestingarbankanum (EIB). Í fyrirbyggjandi lánasamningi er gert ráð fyrir að EIB veiti OR allt að 70 milljóna evra lán fyrir tilteknum framkvæmdum sem nema alls 143,7 milljónum evra, þó þannig að lánsfjárhæðin verði aldrei hærrí en 50% af heildarkostnaði vegna framkvæmdanna. Um er að ræða framkvæmdir vegna virkjana og endurbóta á dreifikerfum fyrir heitt vatn og rafmagn.

Heimild eigenda til að veita ábyrgð

Þegar upphaflegt erindi barst frá OR var ekki ljóst hvort eigendum væri heimilt að veita eigendaábyrgð samkvæmt leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um ríkisábyrgðir. OR ákvað að leita staðfestingar hjá ESA á því að eigendum væri heimilt að veita eigendaábyrgð vegna áformaðrar lántöku. Nú hefur verið farið yfir málið á símafundi 13. desember sl. með fulltrúum ESA, fjármálaráðuneytis og OR, sjá lýsingu úr fundargerð, og virðist niðurstaðan vera sú, samkvæmt upplýsingum lögfræðings í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, að ESA hyggst ekki gera athugasemd við að í þessu tilviki verði veitt 100% eigendaábyrgð á láni EIB til OR þótt hið almenna þak í leiðbeinandi reglum ESA um ríkisábyrgðir væri 80% enda væru önnur skilyrði reglnanna uppfyllt, þ.á.m. að fullt ábyrgðargjald væri greitt.

Í fundargerð af þessum fundi segir:

„ESA hefur frá júnímánuði sl. haft til umfjöllunar erindi OR frá þar sem óskað var eftir afstöðu stofnunarinnar til ábyrgðar eigenda OR á láni fyrirtækisins frá EIB. Vaido Poldoja, sem hefur haft málið til umfjöllunar hjá stofnuninni óskaði með tölvupósti þann 11. desember sl eftir símafundi til að ræða málið. Sá fundur fór fram þann 13. desember 2017 kl. 13:00. Þar tilkynntu fulltrúar ESA að ekki væri gerð athugasemd við 100% ábyrgð eigenda á láni frá EIB, sem verið hefur til umfjöllunar undanfarin misseri, enda væru skilyrði um ríkisaðstoð uppfyllt og ábyrgðargjald greitt, eins og gert er í þessu tilviki. Einnig að ESA muni ekki gefa út neina formlega ákvörðun eða tilkynningu vegna þessa. Það mun fyrst og fremst vera vegna þess að fulltrúar ESA höfðu átt símafund beint við EIB og spurt hvort og þá hvað bankinn þyrfti til staðfestingar á því að stofnunin gerði ekki athugasemdir við lánið, en bankinn sagt að hann þyrfti ekkert meira en þær upplýsingar sem veittar voru á símafundinum um óformlega afstöðu stofnunarinnar.“

Lánskjör

Fyrirliggjandi lánasamningur við EIB felur í raun í sér vilyrði fyrir láni sem draga má á í þremur ádráttum yfir þriggja ára tímabil. Gjaldmiðill hvers ádráttar, vaxtaviðmið og vaxtakjör, lánstími og tilhögun endurgreiðslu eru háðar tilboði bankans hverju sinni og þessar upplýsingar liggja því ekki fyrir fyrr en við hvern og einn ádrátt. Miðað við markaðsupplýsingar í dag myndu grunnvextir á láni í dollurum hjá EIB til 15 ára nema 2,49% og fastir vextir með álagi myndu því vera **3,01%**. Undanfarið hafa vextir farið hækkandi á alþjóðlegum mörkuðum og gætu reynst hærrí í síðari ádráttum á lántökunni. Þess vegna



væri æskilegt að hver og einn ádráttur yrði borinn undir eigendur til samþykktar en ekki er gert ráð fyrir því í núverandi fyrirkomulagi.

Til viðbótar við ofangreinda vexti leggst ábyrgðargjald á lántökukostnað OR vegna eigendaábyrgðar. Ábyrgðargjald er greitt ársfjórðungslega og fer eftir mati á þeirri ívilnum í lánskjörum sem leiðir af ábyrgð eigenda. Í ár er gjaldið 0,87% vegna lána sem fjármagna verkefni í sérleyfisstarfsemi og 0,58% vegna lána sem fjármagna verkefni í samkeppni. Virkjanalán eru flokkuð sem 10% vegna sérleyfisstarfsemi og 90% vegna samkeppnisstarfsemi og bera því 0,61% ábyrgðargjald en önnur lán bera 0,87% ábyrgðargjald. Í ljósi þess að það vó þungt í afstöðu ESA (sbr. hér að ofan) að hluti undirliggjandi verkefna sem lánið frá EIB fjármagnar eru vegna sérleyfisstarfsemi OR má ætla að EIB lánið eigi að bera 0,87% ábyrgðargjald. Það myndi þýða að virkir vextir lánsins yrðu 3,88% að ábyrgðargjaldinu viðbættu.

Í ár hefur OR gefið út u.þ.b. 6,2 milljarða króna í skuldabréfum á innlendum markaði, þar af 4,8 milljarða króna í verðtryggðum flokki til 29 ára. Í útboði í byrjun október sl. seldi OR 500 milljónir króna að nafnverði í þessum flokki á 3,04% ávöxtunarkröfu. Verðtryggðir vextir á löngum lánnum hafa farið hratt lækkandi undanfarið á innlendum skuldabréfamarkaði og eru mjög hagstæðir um þessar mundir. Í síðasta útboði Reykjavíkurborgar var boðinn verðtryggður skuldabréfaflokkur til 15 ára og tilboðum tekið á kröfunni 2,58%. Líklegt er að OR geti einnig náð í útboðum enn betri kröfu en í útboðinu í október sl., sérstaklega með lengri verðtryggða skuldabréfaflokkinn þar sem vaxtakúrfan er niðurhallandi á innlendum markaði, þ.e.a.s. krafa á lengri lánnum er yfirleitt lægri en á styttri lánnum hérlendis. Þegar borin eru saman kjörin á langa skuldabréfaflokki OR við kjörin á áformuðu EIB láni verður að hafa í huga að OR flokkurinn er til tvöfalt lengri tíma en EIB lánið en almennt er vaxtakúrfan upphallandi á erlendum mörkuðum, þ.e.a.s. vextir hækka eftir því sem lánstíminn er lengri, vegna vaxandi áhættuálags. Þar að auki eru fyrrgreind innlend skuldabréf OR gefin út án formlegrar ábyrgðar eigenda.

Líkur eru á að kjör OR á innlendum skuldabréfamarkaði gætu batnað við það að koma á viðskiptavakt á langa verðtryggða skuldabréfaflokki félagsins. Það eykur seljanleika skuldabréfanna og ætti að fjölga mögulegum kaupendum í útboðum. Fjármálaskrifstofa veitir athygli að lengst af hefur einungis einn aðili leitað eftir tilboðum í skuldabréf OR í innlendum útboðum en nýlega hefur annar aðili bæst við samkvæmt upplýsingum OR. Hjá Reykjavíkurborg annast allir viðskiptabankarnir viðskiptavakt og útboð með skuldabréfaflokka borgarinnar sem hefur reynst afar árangursríkt líkt og hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Samkvæmt nýjum upplýsingum frá OR er stefnt að því að taka upp viðskiptavakt á skuldabréfaflokkum OR sem er jákvætt.

Vextir á innlendum markaði virðast um þessar mundir mun hagfelldari en vextir EIB. Við ákvörðun um töku á nýju láni í erlendum gjaldmiðli verður að taka gjaldmiðlaáhættuna með í matið en OR er ekki að fullu varið fyrir henni á meðan ójafnvægi er í sjóðstreymi félagsins í erlendum gjaldeyri. Gjaldskrár OR eru að miklu leyti verðtryggðar og skapa þannig ákveðna vörn gagnvart áhrifum íslenskrar verðbólgu á verðtryggð innlend lán. Það er mat fjármálaskrifstofu að vaxtakjör þurfi að vera umtalsvert betri á erlendu láni en innlendri fjármögnum til að réttlæta gjaldmiðlaáhættuna.

Ójafnvægi í erlendu sjóðstreymi

Þrátt fyrir sterka fjárhagsstöðu OR um þessar mundir eins og flestar kennitölur í 9 mánaða uppgjöri félagsins sýna þurfa stjórnendur og eigendur OR að vera vakandi fyrir viðvarandi ójafnvægi í



sjóðstreymi sem birtist í misvægi milli tekna í erlendum gjaldmiðlum á móti greiðsluskuldbindingum í erlendum gjaldmiðlum. Ljóst er að OR stendur frammi fyrir miklu útlæði erlends gjaldeyris á næstu árum vegna hraðrar niðurgreiðslu skulda sem er mun meira en þær tekjur sem OR kemur til með að afla í erlendum gjaldmiðlum. Frá árinu 2019 til 2025 er sjóðstreymi í erlendum gjaldeyri neikvætt og nemur uppsafnað nettó útlæði erlends gjaldeyris yfir það tímabil rúmum 18 milljörðum króna. Þetta stafar af því hversu stutt erlendu lán OR eru og hversu mikið ósamræmi er milli tekna félagsins og skulda þess í erlendum gjaldmiðlum. Þetta ójafnvægi í erlendu sjóðstreymi veldur markaðsáhættu fyrir OR.

Lántaka hjá EIB í erlendum gjaldmiðli dregur úr áhættu vegna gjaldeyrismisvægis til skemmri tíma sé andvirði lánsins ráðstafað inn á önnur erlend lán. Huga þarf að frekari skrefum í þessum efnum þar sem uppsöfnuð gjaldeyrisþörf verður meiri til lengri tíma.

Í eigendastefnu OR er gert ráð fyrir að fyrirtækið setji sér áhættustefnu til að draga eftir því sem kostur er úr áhrifum ytri fjárhagslegra áhættuþátta á tekjur, þjónustu, eignir og skuldir þess. Sú áhættustefna liggur fyrir. Jafnframt er í eigendastefnu ákvæði um að framkvæmdir beri almennt að fjármagna í sama gjaldmiðli og væntanlegar tekjur þeirra. Ljóst er að verði af EIB lántökunni sem hér er til umfjöllunar munu erlendar skuldir fyrirtækisins aukast án þess að erlendar tekjur aukist á móti, svo að misvægi í heildargreiðsluflæði fyrirtækisins í erlendum gjaldmiðlum kemur til með að aukast að öðru óbreyttu¹. Rétt er að benda á að hvorki í eigendastefnu, áhættustefnu né langtímamarkmiðum fyrirtækisins hefur verið skilgreint þak á erlendar skuldir þess. Þá hafa ekki verið sett markmið um tímasett aðlögunarferli að jafnvægi á greiðsluflæði í erlendum gjaldmiðlum.

Að mati fjármálaskrifstofu er mikilvægt að slíkt viðmið sé skilgreint og að skerpt sé á framangreindu ákvæði eigendastefnu um fjármögnun framkvæmda, enda er mikilvægt að fyrirtækið og Reykjavíkurborg sem eigandi hafi skýra og mælanlega afstöðu til þess að hve miklu leyti skynsamlegt og eðlilegt sé að fjármagna fyrirtækið í erlendum gjaldmiðlum.

Það er mat fjármálaskrifstofu að skynsamlegt sé að freista þess að minnka áhættu í greiðsluflæði OR með því að lengja lánstímann í stórum hluta eða 40% af lánasafninu í það minnsta fram yfir um 8 ár og breyta þeim lánum jafnframt í innlend lán (ISK). Með þessu móti er unnt að létta á greiðslubyrði næstu árin, lengja í meðallíftíma lána, minnka endurfjármögnunaráhættu, minnka gjaldmiðlaáhættu og jafna inn og útlæði í erlendum myntum fram til ársins 2022. Þessar aðgerðir myndu að mati fjármálaskrifstofu draga verulega úr áhættu í greiðsluflæði og auka þol félagsins gegn áföllum. Samtímis gæti áhætta í efnahag minnka mikið. Fjármálaskrifstofa mælir með því að gerð verði áætlun sem fyrst um þessar ráðstafanir.

Í þessu samhengi er rétt að halda til haga að áformuð lántaka OR hjá EIB gæti reynst jákvæð að því marki að hún lengir í lánasafninu.

Ábyrgðir borgarsjóðs á lánum fyrirtækja í B-hluta

OR hefur náð miklum árangri í lækun skulda á undanförunum árum. Engu að síður námu ábyrgðir borgarsjóðs á skuldbindingum fyrirtækisins um 95,3 milljörðum króna í lok september á þessu ári, en

¹ Ef dregið er á lánið í dollurum minnkar misvægi í þeim gjaldmiðli með lántökunni þar sem tekjur fyrirtækisins í dollurum eru almennt umfram greiðslu skulda í dollurum. Eftir stendur að fyrirtækið hefur enn miklar skuldir í öðrum gjaldmiðlum (evrum, frönskum, jenum, sænskum krónum og pundum) þar sem engar tekjur eru á móti í sama gjaldmiðli.



Þær gætu verið meiri ef ekki væri fyrir hagstæða gengis- og verðbólguþróun undanfarin misseri. Borgarsjóður ber jafnframt ábyrgð á ýmsum skuldbindingum annarra fyrirtækja í eigu borgarinnar.

Að mati fjármálaskrifstofu er brýnt að skilgreina mörk um umfang ábyrgða borgarsjóðs með hliðsjón af áhættu í rekstri fyrirtækja borgarinnar og fjárhagslegu bolmagni borgarsjóðs til að undirgangast ábyrgðirnar. Jafnframt þarf að skilgreina viðbragðsaðgerðir sem grípa má til við álagsaðstæður. Það er enn fremur mat fjármálaskrifstofu að mikilvægt sé að marka skýra stefnu og betrumbæta verklagsreglur borgarinnar um veitingu ábyrgða. Fjármálaskrifstofa hefur unnið drög að slíkri stefnumótun með drögum að reglum um veitingu ábyrgða borgarsjóðs á lánum til fyrirtækja í eigu borgarinnar ásamt drögum að reglum um ábyrgðasjóð, sem ætlað er að auka getu borgarsjóðs til að standa undir þeim ábyrgðum sem hann hefur tekist á hendur.

Niðurstaða

Samantekið má ætla að eigendum OR sé heimilt að veita 100% ábyrgð á áformaðri lántöku OR hjá EIB. Lenging í erlendum lánum OR er jákvætt skref.

Vaxtakjör að viðbættri gjaldmiðlaáhættu og ábyrgðargjaldi gera þessa lántöku ekki sérstaklega fýsilega þegar borin eru saman þessi kjör og kjör á löngum verðtryggðum lánum á innlendum lánamarkaði um þessar mundir sem ekki gera kröfur um sérstaka ábyrgð eigenda.

Misvægi í sjóðstreymi OR kallar á lengingu lána og misvægi í greiðsluf læði í innlendum og erlendum gjaldmiðlum skapar endurfjármögnunar- og gjaldmiðlaáhættur sem mikilvægt er að draga úr með því að lengja í lánasafni OR og færa allt að 40% lánasafnsins yfir í íslenskar krónur. Hagstæður innlendum lánamarkaður og hátt gengi íslenskrar krónu skapa kjöraðstæður til þessara breytinga.

Erlendar skuldir Orkuveitu Reykjavíkur og ábyrgðir borgarsjóðs eru enn miklar og kalla á skýra stefnumörkun á vettvangi eigenda- og áhættustefnu OR og hjá borgarsjóði varðandi veitingu ábyrgða og áhættustýringu sem af þeim leiðir.

*Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri*